



Til:
Efni:
Upplýsingar:

david.hansson@umhverfisstofnun.is
Re: Fw: Umsagnarbeiðni vegna efnistöku í Laxárdal
Sent: 17/03/2016 15:54:16 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016030016, Bréfalyklar: 42-8 um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir

Tilvísun í mál: 2016030016

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dag. 16. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn um malarnám í landi Brettingsstaða í Laxárdal.

Samkvæmt meðfylgjandi upplýsingum er ekki ljóst hve mikil efnistaka er fyrirhuguð á viðkomand svæði eða hvernig hún á að fara fram en það hlýtur að vera forsenda fyrir leyfisveitingu. Af staðsetningunni að ráða má gera ráð fyrir að hún sem slík hafi ekki áhrif á lífríki Mývatns og Laxár en hins vegar hefur verið bent á að efnistakan er inn á merku og viðkvæmu minjasvæði, sjá tölvupóst til Umhverfisstofnunar frá Árna Einarssyni RAMÝ dags. 16. mars sl. Þó menningarminjar séu ekki á verksviði Náttúrufræðistofnunar þá virðist augljóst að þessu máli verði einnig að vísa til Minjastofnunar.

Náttúrufræðistofnun getur ekki mælt með efnistöku á þessu svæði miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Trausti Baldursson/NI.IS
Dags: 16.03.2016 11:55:48
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Umsagnarbeiðni vegna efnistöku í Laxárdal

----- Forwarded by Trausti Baldursson/NI.IS on 16.03.2016 11:54 -----

From: Davíð Örvar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>
To: Árni Einarsson <arnie@hi.is>, Trausti Baldursson <trausti@ni.is>
Date: 16.03.2016 11:37
Subject: Umsagnarbeiðni vegna efnistöku í Laxárdal

Góðan dag.

Eftirfarandi beiðni hefur borist Umhverfisstofnun um malarnám í landi Brettingsstaða í Laxárdal innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár:

Í landi Brettingsstaða er gömul malarnáma nærri Brettingsstaðatóftum. Þessi náma

hefur áður verið notuð til ofaniburðar á akveginn innan Brettingsstaðlandsins. Nú stendur til að setja ofaniburð í veginn, enda er hann orðin á köflum illfær venjulegum bifreiðum.

Óska ég hér með fyrir hönd Brettingsstaðaeiganda eftir því að fá að nota efni úr nefndri námu til ofaniburðar í veginn innan Brettingsstaðlandsins.

Aðkoma að námunni er greiðfær vörubíl og gröfu án skemmdar á landi.

Taka efnis úr námunni mun ekki hafa áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 97/2004 (Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu)

Að efnistöku lokinni mun verða gengið frá námunni svo ekki á landinu sjái.

Í viðhengi má sjá myndir af ofangreindri námu frá því síðasta sumar auk loftmyndar þar sem hringur er dreginn í kringum námuna.

Samkvæmt loftmynd eru 119 metrar úr miðri námu að árbakka Laxár og hver sentimeter á mynd jafngildir 50 metrum á landi.

Ekki virðist ljóst um hve mikið efni er um að ræða en telja má að það hlaupi á tugum rúmmetra.

Óskað er umsagnar Ramý og Ní vegna beiðni landeigenda.

Bestu kveðjur, Best regards

Davíð Örvar Hansson

Sérfræðingur, Nature reserve officer

Svið Náttúru, Department for Nature



UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

Viðhengi:

[attachment "image001.jpg" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "image002.jpg" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "WP_20150825_14_29_17_Pro.jpg" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "WP_20150825_14_29_03_Pro.jpg" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]